

MONITOR



FRÍTT
EINTAK

TÓNLIST, KVIKMYNDIR, SJÓNVARP, LEIKHÚS, LISTIR, ÍÐRÓTTIR, MATUR OG ALLT ANNAD



„Ólafur Darri sýnir margar hliðar Hamlets af snilld“

Sigurður G. Valgeirsson, - mbl.

SHAKESPEARE

HAMLET

ÓLAFUR DARRI

Tryggðu þér miða!

Fim 23/1 Kl. 20 **UPPELT**
Lau 25/1 Kl. 20 örfá sæti
Sun 26/1 Kl. 20 **UPPELT**
Fös 31/1 Kl. 20 **UPPELT**

Sun 2/2 Kl. 20 örfá sæti
Sun 9/2 Kl. 20 örfá sæti
Fös 14/2 Kl. 20
Lau 15/2 Kl. 20

Fös 21/2 Kl. 20
Lau 22/2 Kl. 20
Fös 28/2 Kl. 20

Miðasala | 568 8000 | borgarleikhus.is

VÍS Borgarleikhúsið



KRÍ8 TEYMID



Mynd/Arni Sæberg

Dugleg að fylgjast með stefnum og straumum

Stíllinn rakst á Facebooksíðu **Krí8** á dögnum og hreifst af sniðugum hugmyndum og fallettri hönnunum. Því heyrði Stíllinn í fólkinu í fyrirtækinu og fékk að heyra söguna á bakvið það, hver starfsemi þeirra nákvæmlega væri og hvernig hægt væri að nálgast þeirra þjónustu.

Hvað er Krí8 Reykjavík stúdíó? Hver er ykkar starfsemi?

Krí8 Reykjavík stúdíó er hönnunarteymi sem sérhæfir sig í innanhússarkitektúr og útstillingum. Við bjóðum einnig upp á ráðgjöf þar sem það getur oft reynst erfitt fyrir fólk að velja úr öllu því sem er í boði, eins hafa ekki allir tíma og þekkingu til þess að finna réttu hlutina og þar komum við sterk inn.

Hverjir starfa hjá Krí8, hvernig byrjaði þetta samstarf og hvaðan kom hugmyndin að fyrirtækinu?

Krí8 samanstendur af þremur innanhússarkitektum, Anítu, Jóhanni og Jónínu, og markaðsfræðingnum Ingu. Þrjú af okkur útskrifuðust frá sama skóla, Jóhann og Inga frá IED í Barcelona, Jónína frá IED í Milánó en Aníta útskrifaðist frá RDI í Hong Kong. Við vorum öll búin að ganga með þessa hugmynd í maganum að starta hönnunarfyrirtæki en þó hvert í sínu horni en svo bara gerðist það að við fundum hvert annað síðasta sumar.

Er hugmyndin/fyrirtækið búið að þróast mikið?

Krí8 er teymi sem er í stöðugri þróun. Við erum enn að slípa okkur saman og byggja fyrirtækið upp. Það hefur verið að þróast á skemmtilegan hátt og framtíðin er ekkert nema spennandi.

Hvert var ykkar fyrsta verkefni?

Okkar fyrsta verkefni var gluggaústilling fyrir ZO-ON-verslanirnar. Konseptið var norðurljósaþema í skógi og við lékum okkur við það að höggva tré og gramsa eftir efnivið í Sorpu. Höfðum gaman af þessu.



GLUGGAÚTSTILLING FYRIR ZO-ON-VERSLANIRNAR, FYRSTA VERKEFNI KRÍ8

Skemmtilegasta verkefni sem þið hafið unnið að hingað til?

Strax í upphafi fengum við þrjú mjög ólík verkefni sem öll voru skemmtileg hvert á sinn hátt. Eitt af þessum verkefnum fólst í að hanna tyrkneskan smáréttastað í samvinnu við eigendur en þeir höfðu ákveðnar hugmyndir um það hvernig þeir vildu hafa staðinn. Samstarfið gekk vel og staðurinn Meze var opnaður nýverið á Laugavegi 42 og hefur vakið mikla eftirtekt.

Hvert sækið þið innblástur?

Innblásturinn kemur úr öllum áttum, þá helst frá vefnum, bloggum og blöðum. Erum

dugleg að fylgjast með stefnum og straumum. Margir góðir hönnuðir hafa einnig áhrif á okkur og svo gefur nánast allt í kringum okkur innblástur, Ísland hefur bara þannig áhrif á mann.

Hvað er framundan?

Í síðustu viku vorum við að skila af okkur tillögum varðandi breytingar innanhúss fyrir Skautahöllina í Laugardal og við vonumst til að sjá þær verða að veruleika. Þau verkefni sem eru framundan eru af mismunandi toga og á teikniborðinu eru einnig nokkrar vörur sem okkur langar til að vinna meira með og setja í framleiðslu. Við viljum hafa nóg að gera



MEZE, TYRKNESKI SMÁRÉTTA-STAÐURINN SEM KRÍ8 HANNAÐI Í SAMSTARFI VIÐ EIGENDUR



þannig að það er alltaf eitthvað í gangi hjá okkur.

Hvernig er hægt að hafa samband við ykkur og hvar hefur fyrirtækið aðsetur?

Við erum núna í Laugardal með tímabundið aðsetur, vorum svo heppin að fá lánaða skrifstofu en draumurinn er að komast í endanlegt húsnæði, helst í 101, pínu-klisja en staðreynd.

Það er hægt að ná í okkur með því að senda okkur póst á kri8@kri8.is eða bjalla í síma 860 8688. Fyrir þá sem vilja kynna sér Krí8 Reykjavík betur þá erum við með heimasíðuna www.kri8.is og svo erum við að sjálfsgöðu á Facebook!



HÖNDLARDU HITANN ?

THE ORIGINAL
**TURKISK
PEBER**

LJÓÐAFLÓÐ



Ljóð geymdu grátstafi mína elskaðu óskrin.

Kyngdu sora eitri tárur. Ég misþyrmi þér.

Ég vil ríða drepa og drepast.

En svo mýkist ég öll upp loka augunum sofna.

Ólafur Kjarran Arnason



ÍSL-ENSKUR TEXTI



Pittbull & Kesha Timber

It's going down, I'm yelling timber
You better move, you better dance
Let's make a night you won't remember
I'll be the one you won't forget

Woouoah (timber), woouoah (timber),
woouoah (it's going down)
Woouoah (timber), woouoah (timber),
woouoah (it's going down)

The bigger they are, the harder they fall
These big-iddy boys are dig-gidy dogs
I have 'em like Miley Cyrus, clothes off
Twerking in their bras and thongs, timber
Face down, booty up, timber
That's the way we like to-what?

Það er að fara niður, ég þæpa timbur
Þú betur fara, þú betur dans
Skulum gera nótt þú munt ekki muna
Ég skal vera það sem þú munt ekki gleyma

Woouoah (timbur), woouoah (timbur), woouoah (það er að fara niður)
Woouoah (timbur), woouoah (timbur), woouoah (það er að fara niður)

Því stærrí sem þeir eru, því erfiðara sem þeir falla
Þessi stóru-iddy drengir eru Dig-gidy hundar
Ég hef 'Em eins Miley Cyrus, fót burt Twerking í Bras þeirra og thongs, timbur
Grúfu, hlutskipti upp, timbur
Það er hvernig við viljum-hvað?

EINTÓM ÞVÆLA



Cindy Fawford, margfaldur heimsmeistari í „breik-dansi“, æfir sig fyrir heimsmeistaramótið í íþróttinni sem á sér stað núna um helgina í New York borg. Fawford, sem er 54 ára gömul, hefur unnið titillinn 14 sinnum.

Til lukku með nauðgunina

Nýlega birtist frétt í myndbandsformi á fréttaveitu Vísis sem hefur verið mikið í kastljósinu. Sat þar ein ágæt kona og lýsti reynslu sinni á því þegar henni var byrjað sljógandi lyf þegar hún fór út á lífið. Virtist mér flest koma heldur skakkt út úr henni, málsfarsvillur læt ég nú liggja milli hluta en gagnrýni flestra sneri að því þegar hún hélt því fram að nauðgarar sæktust náttúrulega mestmegnis eftir sætum stelpum, þeir sættu sig ekkert bara við einhverjar „lala-stelpur“ eins og hún orðaði þetta svo pent.

Mér urðu þessi ummæli hennar hugleikin. Í hinu umdeilda viðtali hvatti hún þær fáu falllegu konur sem til eru á Íslandi til þess að standa saman og hjálpa hver annarri að koma í veg fyrir byrjanir og annað athæfi sem leitt getur til nauðgunar. Mér fannst þetta undarlegt og ummælin einkar óheppileg og vanhugsuð. Er þetta virkilega afstaða fólks í dag? Eiga þeir sem verða fyrir kynferðislegri áreitni að hugga sig við það að þeir hafi þá að minnsta kosti staðfestingu á því að þeir séu útlitslega aðlaðandi? Er nauðgun orðin einhvers konar feegurðarstimpill? Ekki hljómar þetta vel. Hvernig væri heimurinn ef þetta væri almennings-álitið? Ég reyndi að sjá fyrir mér hvernig hlutirnir myndu æxlast.

Móðir, sem situr á rúmstokki vonsvikinnar dóttur sinnar, strýkur henni um vangann. „Svona, svona, Gunna mín. Ég er viss um að þér verði nauðgað einn daginn. Þú ert fallleg stelpa, sannaðu til.“ Stelpur sem bíða með eftirvæntingu í dimmum húsasundum eftir að einhver ölvaður eða örvæntingarfullur karlmaður komi og misnoti þær. Þískrandi stelpuhópar í skólanum sem gjóga augunum til einnar, einmana stúlku sem stendur skömmustuleg úti í horni. „Henni hefur ekki einu sinni verið nauðgað“. Í stað bandarísku raunveruleikáþáttaseríunnar „The Bachelor“ værum við með „The Rapist“. Það sér það hver maður að þetta er fáránlegur uppspuni, þessi heimur er ekki til og hæpið að hann verði það nokkurn tímann, sem betur fer.

Nauðgun hefur oft ekkert með útlit viðkomandi að gera. Hver sé hvatinn bak við nauðgun ætla ég ekki að fullyrða um, enda skil ég þennan verknað engan veginn eða þá sem framkvæma hann, en ég get þó lofað að það eru ekki einungis fegurðardrottningar sem lenda í þessum hroðalega verknaði heldur eru fórnarlömb á öllum aldri, af báðum kynjum og á öllum stigum lífsins. Skilaboð þessarar ágætu konu eru vissulega góð og kannski áttaði hún sig ekki á því að óheppilega orðaðar setningar í sjónvarpi geta vakið mikla (og stundum réttmæta) reiði landsmanna.

Einu langar mig þó við að bæta, varðandi hugmyndina hennar að hjálpar-appinu. Í stuttu máli var því ætlað að virka þannig að ef stúlku er byrjað getur hún teygst sig í símann sinn og notað appið til þess að virkja einhvers konar neyðarhnapp. Birtist þá mynd af henni og nákvæm staðsetning hennar í símun þeirra sem einnig hafa appið. Enn og aftur þá er ásetningurinn góður en mig langaði helst að benda á að þeir, sem líklegast hafa mestan áhuga á því að vita hvar ósjálfbjarga og varnarlausar stelpur undir áhrifum nauðgunarlyfa eru, eru líklegast akkúrat mennirnir sem þær eru hvað mest að reyna að forðast. Ég hugsa að þetta hlýti fljótt nafnið „nauðgunarappið“ en ekki „hjálpappið“.

Sífelld meira finnst mér bera á því að fólk hugsi ekki áður en það talar, og ætti sú regla sérstaklega að eiga við á opinberum vettvangi eins og sjónvarpsviðtölum, þá sérstaklega sem birt eru í fréttatímum sjónvarpsstöðvanna. Nauðganir er ekki hægt að taka til baka en orð ekki heldur. Margt sem maður segir hefur áhrif á þá sem á mann hlýða og slíku er erfitt að breyta. Persónulega langar mig ekki að lifa í heimi þar sem það þykir hrós að vera nauðgað.



Hulda Hvönn Kristinsdóttir

ELTU ÞENNA

Hvort sem maður sækist í brandara, viskukorn eða myndir af kleinuhringjum, Steindi JR. býður uppá þetta allt.



Steindi JR @SteindiJR
Augljós staðreynd dagsins: Ormar nota ekki jakkaföt
#þauyróubaraskitug #fm95Bló
Expand

STEINDI JR.

@SteindiJR



10

verstu leiðirnar til að slíta sambandi

- 1** Það er ekki ég, það ert þú. Þessi setning er algengari og mjög þirrandi í öfuga átt en hún er mikið sárari svona.
- 2** Á afmælisdaginn. Maður mun minnast þessa afmælis með biturð á hverju ári.
- 3** Á Facebook. Ekkert eins og að opna tölvuna og sjá að kærastan manns er „No longer in a relationship“.
- 4** Finna sér nýja/n. „Nei, ég er byrjaður með annarri, gleymdi ég að segja þér það?“
- 5** Í fjölskyldubóði. Sambands-slit eru mjög persónuleg og enginn vill vera vitni að slíku, hvað þá langamma.
- 6** Þykjast flytja. Hann verður frekar ósáttur ef hann sér þig labba niður Hverfisgötuna daginn eftir að þú fluttir til Nepal.
- 7** Eftir kynlíf. Ef einhver segir manni upp beint eftir kynlíf hlýtur það að vera bein vísun í bólfimi manns eða hvað?
- 8** Með Snapchat. Snapchat-sambands-slit taka í mesta lagi 10 sekúndur en svo mikið af ósvörðum spurningum.
- 9** Í jarðarför. Það þarf ekkert að bæta á sorgina, auk þess sem um jarðarfarið gildir það sama og fjölskyldubóðin.
- 10** Með skeyti. Formlegra gerist það varla auk þess sem það er heljarinnar vesen að svara skeytum. Spurning hvort pósturinn taki „Fokkaðu þér“ sem gildu við skeytasendingar.

VÍSINDAVEFURINN



Ahverju þurfum við tær?

Í hvorum fæti eru 26 bein og 33 liðamót. Um 20 vöðvar hreyfa þessi bein og sinar toga líkt og teygjur í beinin þegar vöðvarnir dragast saman. Í hvorum fæti eru 100 liðbönd sem tengja bein við bein og brjósk við bein og halda öllum hlutum fótans saman. Stóratá tekur þátt í að halda jafnvægi og hinar tærnar virka sem stökkbretti. Allar tærnar taka þátt í gang- og hlaupa-hreyfingum. Líkja má stórutá við fjórða borðfótinn. Ef við missum hana þarf líkaminn að læra upp á nýtt að halda jafnvægi.

NÝTT

Samlokurnar á **Stöðinni** eru ekki fæddar í gær – heldur í dag



Framleitt í dag.
Selt í dag.

Grillaður kjúklingur avocado, beikon,
klettasalát, tómatar, mangósósa.

599 kr.



Hip hop endurkoma frá gullöldinni



Ragna Kjartansdóttir er enginn nýgræðingur í tónlistarheiminum en þegar hún var aðeins 17 ára gömul stofnaði hún ásamt vinum sínum hljómsveitina Subterranean sem var ein af fyrstu hip-hop-sveitum Íslandssögunnar. Nú, 17 árum síðar, er hún aftur komin á sjónarsviðið með nýja plötu sem hefur vakið mikla athygli og komist á flesta lista yfir bestu plötur ársins 2013.

UPPÁHALDS

Nammi: Pristur
Rappari: Biggie og Masta Ace
Vikudagur: Föstudagur
Sjónvarpsþáttur: Luther
Borg: New York og Leiden
Grænmeti: Brokkólí

DAGSKRÁ SÓNAR REYKJAVÍK

Fimmtudagur

SILFUBERG

SónarClub

GusGus

Ryuichi Sakamoto & Taylor Deupree (JP/US)
HE (Högni Egilsson)
Eloq (DK)

FLÓI

SónarFlói

Hermigervill

Moses Hightower
Introbeats
Tonik

KALDALÓN

SónarComplex

Tanya & Marlon
Good Morning Deer
Muted
FURA
Dada

Föstudagur

SILFUBERG

SónarClub

Paul Kalbrenner (DE)
Bonobo (UK)
Gluteus Maximus
Downliners Sect (ES)
Viktor Birgiss (dj sett)

NORÐURLJÓS

SónarHall

Jon Hopkins (UK)
Kölsch (DE)
Starwalker (IS/FR)
Kiasmos (Ólafur Arnalds & Janus Rasmussen)
When Saints Go Machine (DK)

FLÓI

SónarFlói

Berndsen
Gísli Pálmi
Cell 7
Halleluwah
Futuregrapher
Terrordisco (dj sett)

KALDALÓN

SónarComplex

Sachiko (JP)
Stereo Hypnosis
Skurken
Orang Volante
Jon Edvald

CAR PARK

SónarLab

The Mansisters (DK) (dj sett)
DJ Yamaho (dj sett)
Exos (dj sett)
Kid Mistik
Kristinn Bjarnason (dj sett)

Laugardagur

SILFUBERG

SónarClub

Major Lazer (US)
Daphni (dj sett) (CA)
FM Belfast
Mind in Motion
Steindór Jónsson (dj sett)

NORÐURLJÓS

SónarHall

Trentemöller (DK)
James Holden (UK)
Hjaltalín
Sísí Ey
Highlands

FLÓI

SónarFlói

Ojba Rasta
Sykur
Sometime
Steve Sammling
FKHNDM (dj sett)
Housekell

KALDALÓN

SónarComplex

Vök
Low Roar (US/IS)
Einóma
Árni2
Re-Pete & The Machine

CAR PARK

SónarLab

Diplo (US) (dj sett)
Evian Christ (UK) (dj sett)
DJ Margeir (dj sett)
Kenton Slash Demon (DK) (dj sett)
Frimann (dj sett)
Hendrik (dj sett)



Fleiri hljómsveitir og þekktari nöfn

Það er í ýmis horn að líta þegar kemur að því að skipuleggja tónlistarhátíð á borð við **Sónar. Monitor** spjallaði við **Björn Steinbekk**, framkvæmdastjóra hátíðarinnar.

Hvað er Sónar og hverjir standa á bakvið hana?

Sónar hefur farið fram í 21 skipti í Barcelona á Spáni þar sem hún var stofnuð af þremur vinum sem eiga hana enn og reka saman. Um 30 manns starfa á aðalskrifstofunni í Barcelona. Sónar hefur skapað sér nafn sem ein fremsta tónlistarhátíð heims er kemur að rafrænni og óháðri tónlist og síðustu tíu ár hefur hún verið haldin víðsvegar um heiminn. Sónar Reykjavík er að fullu rekið frá Reykjavík af íslensku félagi.

Af hverju var ákveðið að halda hátíðina hér á landi?

Birkir Hólm Guðnason forstjóri Icelandair spurði mig hvort mögulegt væri að setja upp hátíð sem færi fram yfir vetrartímann og væri nokkurskonar mótvægi við Iceland Airwaves. Á endanum náði ég í Sónar. Hugmyndin með að ná í þekktu hátíð var einfaldlega að stytta alla ferla og komast beint á markaðinn með þekkt vörumerki með mikil sambönd við umboðsmenn og fjölmiðla. Það tókst.

Er hátíðin mikið tengd Sónar-hátíðunum erlendis, geturðu lýst tengslunum fyrir okkur?

Við vinnum mikið með aðalskrifstofunni í Barcelona, það eru í raun dagleg samskipti. Vefsíða okkar er rekin þaðan og allt kynningarefni er framleitt þar nema það staðbundna sem við gerum. Bókanir á listamönnum og hljómsveitum fer fram í nánu samstarfi við skrifstofuna í Barcelona; það þýðir að við eigum auðveldara með að landa stórum nöfnum

á hátíðina í Reykjavík. Í raun hefur Sónar Reykjavík mikið bakland sem hefur hjálpað mikið.

Fyrir hverja er Sónar?

Að skilgreina er ekki okkar hlutverk. Við bjóðum upp á dagskrá sem er jú meira elektrónísk en rokkúð, en teygir sig býsna víða. Sónar er fyrir fólk sem vill hlusta á góða tónlist og er opið og jákvætt gagnvart nýjum listamönnum og hljómi.

Hvernig heppnaðist síðasta hátíð?

Síðasta hátíð gekk að flestu leyti mjög vel. Auðvitað komu upp vandkvæði og mál sem þurftu að leysa en við erum að vinna samkvæmt langtíma-áætlun með Sónar þar sem við þróum áfram með það sem vel gengur og vinnum með það sem þarf að bæta. Viðtökur fólks við hátíðinni, bæði gesta og listamanna, hafa verið frábærar og hjálpa okkur að byggja upp Sónar Reykjavík til framtíðar.

Hvernig er að halda tónleika í bílakjallaranum í Hörpu? Hvernig stemmning myndast þar?

Það var mín hugmynd og ég fékk hana um 18 mánuðum áður en Sónar Reykjavík fór fyrst fram. Sem gamall „rave“-skipuleggjandi kveikti ég strax á bílakjallaranum og ákvað að framkvæma þessa hugmynd þegar tækifærið gafst. Þetta verður endurtekið og meira lagt í dagskrána í bílakjallaranum í ár.

Sónar Reykjavík er ung hátíð, er eitthvað sem þið

hafið lært sérstaklega af og gerið öðruvísi í ár?

Við ákváðum eftir síðustu hátíð að vera með stærri og fleiri hljómsveitir næst og það gekk eftir. Major Lazer, Paul Kalkbrenner, Trentemöller, James Holden, Bonobo og fleiri eru listamenn sem mörg festivöl í Evrópu væru fegin að fá til sín spila á Sónar Reykjavík í ár.

Er erfitt að halda tónlistarhátíð í Reykjavík? Er pláss fyrir tvær stórar slíkar eða lifir Sónar í skugga Airwaves?

Nei, við finnum ekki fyrir því. Airwaves er þekkt vörumerki sem hefur fengið mikinn stuðning frá hinu opinbera og Reykjavíkurborg. Hún hefur fengið að ganga í gegnum endurnýjun lífdaga undir stjórn Gríms Atlasonar og hefur verið unnið frábært starf með Airwaves. Hinsvegar er kannski kominn tími til að styðja ákveðið við Sónar Reykjavík á næstu árum til að báðar hátíðarinnar verði áberandi, sæki mikinn fjölda ferðamanna til landsins og skemmti Íslendingum. Stórt skref í þá átt var stigið um daginn er Sónar hlaut þriggja ára samning við borgarhátíðarsjóð Reykjavíkurborgar. Það er stuðningur sem skiptir hátíðina mjög miklu máli. Svo er auðvitað munurinn á Sónar og Airwaves sá að Airwaves er „showcase“-hátíð sem á að vera miðuð á að kynna íslenska tónlist. Sónar er hreinræktuð tónlistarhátíð þar sem listamenn spila lengri tónleika, í um 60-90 mín. Einnig eru ýmsar aðrar öðruvísi áherslur í dagskránni sem öll fer fram í einu húsi: Hörpu.



Rafmagn og „rave“

Raftónlistarhátíðin Sónar Reykjavík fer fram í Hörpu dagana 13.-15. febrúar næstkomandi. **í Hörpunni**

Fyrsta tónlistarhátíð Highlands

Hljómsveitin Highlands vakti gríðarlega athygli fyrir fyrsta lag sitt „Hearts“ sem kom út í nóvember síðastliðnum. Sveitin er skipuð þeim Karín Sveinsdóttur söngkonu og Loga Pedro Stefánssyni, sem hefur áður gert garðinn frægan með hljómsveitinni Retro Stefson. „Sónar verður fyrsta hátíðin sem við komum fram á þó þetta verði tæknilega séð ekki fyrstu tónleikarnir,“ segir Logi. „Við erum mjög vel stemmd fyrir hátíðina, Keli í Agent Fresco verður með okkur og við tökum nokkur lög sem eru auðvitað öll ný þar sem við höfum bara gefið út eitt lag,“ segir Logi og bætir við að aðdáendur sveitarinnar muni þó ekki þurfa að bíða lengi eftir útgáfu næstu laga. Logi kom fram á Sónar í fyrra með Retro Stefson auk þess sem hann þeytti skífum sem Pedro Pilatus og er því ekki ókunnugur Sónar eða hörpunni sem tónleikastað. „Auðvitað er smá-stress í okkur en við erum búin að vera dugleg að æfa og skoða tæknilegu hliðina. Við leggjum mikið í að allt gangi upp.“



Mynd/Kristinn



SÓNAR Í TÖLUM

Hátíðin er haldin í 2. skiptið í Reykjavík í ár. Hátíðin stendur í 3 daga í 5 mismunandi söllum Hörpu. Gert er ráð fyrir um 3300 gestum, þar af hafa um 850 erlendir gestir keypt sér miða. Í ár verða 6 Sónar hátíðar haldnar í 6 mismunandi löndum. 67 hljómsveitir og tónlistarmenn koma fram á Sónar Reykjavík. Um 8 manns koma að undirbúning hátíðarinnar og um 200 manns starfar beint við hátíðina á meðan henni stendur.

Sísí Ey í skýjunum

Elísabet Eypórsdóttir kom fram ásamt hljómsveit sinni Sísí Ey á Sónar Reykjavík í fyrra. „Hátíðin í fyrra heppnaðist ótrúlega vel að mínu mati. Við í Sísí Ey vorum í skýjunum eftir okkar „show“ og það voru endalaust mikið af flottum tónleikum í gangi,“ segir Elísabet. Í kjölfarið á Sónar Reykjavík bauðst Sísí Ey að spila á Sónar-hátíðinni í Barcelona. Elísabet segir Sónar skilja sig frá öðrum hátíðum vegna raftónlistarþemans en er ekki viss um að Sónar Reykjavík skilji sig mikið frá öðrum Sónarhátíðum. „Löndin eru ólík en tónlistin svipuð. Auðvitað er Sónar Barcelona miklu stærri en Sónar Reykjavík þannig að það er helsti munurinn að mínu mati,“ segir hún og bætir við að báðar hátíðarnar séu frábærar. „Hátíðargestir mega búast við því að verða „blown away“ held ég bara,“ segir Elísabet og kveður hátíðina fulla af flottu tónlistarfólki. „Þetta verður algjör snilld.“



JÓNA KRISTÍN**Fyrstu sex:** 050496.**Lag á heilanum:** Franskt lag sem heitir Papaoutai.**Uppáhalds kennari:** Aldís, sálfræðikennarinn minn í MH.**Í bragðarefinn fæ ég mér:**

Síðast fékk ég mér allavega kiwi, jarðarber og bounty.

Æskuátrúnaðargoð: Ég veit það ekki, ætli ég hafi ekki bara haldið upp á Íþróttaálfinn.**SAGA JÓNU KRISTÍNAR**

Jóna Kristín hafði hugsað sér að eyða tíu mánuðum sem skiptinemi í Perú en því miður urðu þeir ekki nema fjórir. Undir lok nóvember síðastliðins fór Jóna að finna fyrir verk í bakinu sem ágerðist á næstu tveimur vikum. Jóna fékk lyf hjá lækni sem taldi hana vera með vírus en þegar Jóna var farin að missa allan mátt í fótleggjunum var hún drifin á sjúkrahús í snatri. Í ljós kom að Jóna var með blöðrur á mænunni og líftíð æxli og lækna tilkynntu henni að það yrði að skera hana upp, ellegar myndi hún lamast að eilífu.

Aðgerðin heppnaðist vel og eyddi Jóna 15 dögum á spítalanum í Perú áður en hún varð fær um að ferðast heim til Íslands. Foreldrar hennar komu til hennar tveimur dögum eftir aðgerðina og studdu hana eftir bestu getu. Jónu hafði verið sagt að hún ætti að vera fær um að hreyfa fæturna stuttu eftir aðgerðina en svo reyndist ekki vera. Jóna dvelst nú á Grensásdeild þar sem hún er í endurhæfingu en því miður telja lækna ekki miklar líkur á því að hún fái fullan mátt í fæturna aftur.

PARTÝ

KJÓLL: TOPSHOP
 BUXUR: TOPSHOP
 SKÓR: TOPSHOP
 BRJÓSTAHALDARABAND: AFTUR

**KÓSÝ**

KÁPA: VINTAGE ÚR EVU FRÁ '91
 VESTI: ZARA
 PEYSA: SPÚTNIK
 BUXUR: TOPSHOP
 SKÓR: TOPSHOP

SPARI

KJÓLL: TOPSHOP
 EYRNALOKKAR: ZARA
 SKÓR: TOPSHOP

**stíllinn**

Rósa María Árnadóttir
 rosamaria@monitor.is

**HVERSDAGS**

PEYSA: SPELL & THE GYPSY DESIGN
 BOLUR: ZARA
 HÁLSMEN: AFTUR
 BUXUR: TOPSHOP
 SKÓR: TOPSHOP

Móðir mín er stærsta tískufyrirmyndin

Stíllinn kíkti í heimsókn til **Ingunnar Emblu Axelsdóttur** sem er 18 ára menntaskólamaer og gjörsamlega með allt á hreinu hvað varðar tísku. Stíllinn varð ástfanginn af fatastíl Ingunnar og hefði getað verið allan daginn að mynda hitt og þetta. Hún sýnir okkur hér brot af því besta.

Ingunn, hvernig myndir þú lýsa sjálfri þér og þínum stíl?

Stíllinn fer algjörlega eftir í hvaða skapi ég er, get farið frá því að vera í saklausu væmnu lúkki alveg yfir í gothic lúkk með svartan varalit. Út frá þessu mætti segja að ég sé mjög mislynd.

Hvað ertu að bardúsa þessa dagana?

Ég er í námi í Menntaskólanum við Hamrahlíð og svo vinn ég um helgar í Topshop í Kringlunni

Hefur þú alltaf haft gaman af tísku?

Já, ég hef alltaf haft gaman af tísku og það má segja að ég hafi orðið snemma fyrir áhrifum tískunnar þar sem hún móðir mín er mikill tiskuunnandi og fagurkeri.

Áttu þér einhverja tískufyrirmynd, einhver sem veitir þér innblástur?

Móðir mín er mín stærsta tískufyrirmynd. Hún er aldrei hrædd við að prufa nýja hluti þegar kemur að tiskunni og er alltaf á undan í trendunum. Hún kannski kaupir eitthvað sem mér finnst forljótt á þeim tímum árum seinna er ég komin í það því þá er það komið í tísku. Nánast öll fötin sem ég klæðist eru fötin hennar. Ég er heppin að því leyti að við notum sömu stærð og hún deilir öllum fötunum sínum með mér.

Hver er þinn uppáhalds hönnuður hérlendis? En erlendis?

Uppáhalds hönnuður minn hérlendis er Hildur Yeoman. Hún gerir einhverja fallegustu og skemmtilegustu skartgripir sem ég hef séð. Ég fékk hálsmen eftir hana í jólagjöf í hittidýrri og ég dýrka það. Einnig teiknar hún guðdómlega fallegar tiskuteikningar. Mig dreymir um að eignast eina af myndunum sem hún og Saga Sig ljósmyndari gerðu saman.

Erlendis er það Isabel Marant. Fötin sem hún hennar henta daglegu lífi og ég elska hvað hún leggur mikið uppúr því að hafa notagildi í flíkunum sem hún hennar. Það er einmitt líka mikill „bohemian“ filíngur í þeim hennar sem ég elska.

Í hvaða búðum verslar þú helst hér á Íslandi? En í útlöndum?

Ég versla helst í Topshop og get viðurkennt að það er erfitt að eyða ekki öllum laununum í föt þaðan og svo á ég það til að fjárfesta stöku sinnum í flíkum úr Aftur. Annars eru það búðir eins og Zara og Nostalgiá sem ég held mikið upp á.

Erlendis versla ég mikið í Weekday, Monki, & Other stories, Urban Outfitters og bara þetta venjulega eins og flestar aðrar stelpur. Hinsvegar finnst mér skemmtilegra að fjárfesta í einhverju „stykki“ þ.e.a.s einum eða nokkrum hlutum sem innihalda gæði og notagildi heldur en að versla fyrir magn.

Núna uppá síðkastið er ég komin með smá-netverslunar deltu. Mér finnst mjög gaman að vafra á netinu og skoða allskyns netverslanir og láta mig dreyma.

Hver er þín uppáhalds borg til að versla í?

Ég elska að versla í Stokkhólmi. Allar mínar uppáhalds búðir er að finna þar, þ.e.a.s Weekday, & Other Stories, Acne, Nordiska Kompaniet og svo nýja uppáhaldið mitt Stockholm Quality Outlet þar sem hægt er að finna merkjavörur eins og Barbour, Acne og Vagabond á mjög góðu verði. Mér finnst stíllinn á Norðurlöndunum vera mun nær okkur á Íslandi heldur en í öðrum löndum. Einn daginn mun ég flytja til Stokkhólms, það er alveg bókað.

Hver eru þín bestu kaup fyrir og síðar?

Ég myndi segja að mín bestu kaup fyrir og síðar væru tveir hlutir, dásamlegur rauður flauelskjóll frá Aftur sem ég keypti um júlín 2010 og kisuhálsmen sem mætti frekar kalla listaverk frá Servane Gaxotte sem ég keypti fyrir aleigu mína í Kisunni árið 2008.

Hvað er algjört möst fyrir veturinn að þínu mati?

Djúsi rúllukragapeya. Sjálf er ég búin að vera leita að slíkri út um allt hér á landi. Rakst á eina um daginn í 66° Norður í karladeildinni og finnst persónulega flottara að hafa þær í þessum oversized stíl. Hún var hinsvegar svolítið dýr en mjög vönduð og falleg og ég er enn að hugleiða hvort ég tími að kaupa hana.

UPPÁHALDS



PELSINN

Pelsinn fékk ég í sumar í Stockholm Quality Outlet í Svíþjóð. Þetta var klárlega ást við fyrstu sýn. Hann er silfurrefur og sægræni liturinn á honum er svo fallegur og minnr mig á pelsana frá Gucci-tiskuhúsinu. Þá var hann á mjög góðum afslætti og á viðráðanlegu verði sem gerði hann algjörlega þess virði.



SKÓRNIR RAUÐU

Rauðu skórnir frá Chie Mihara eru fyrstu skórnir sem ég keypti mér. Ég var 14 ára og við mæðgurnar vorum nýbúnar að halda fata-markað í Kolaportinu. Þar sem markaðurinn gekk svo vel fékk ég minn arð og ákvað að fjárfesta í þessu fallega skópari í KronKron. Þetta eru kaup sem ég sé ekki eftir enda eru þeir tímalausir og verða alltaf fallegir.

TASKAN

Töskuna fann ég á ástralskri sölusíðu sem selur merkið Spell & the Gypsy. Við fjölskyldan pöntuðum hana fyrir jóla handa mómmu í jólagjöf. Ég er búin að vera „fá hana lánaða“ mikið uppá síðkastið. Ég er virkilega skotin í þessum bohemian stíl og þessi taska er fullkomin viðbót í safnið. Skottið á töskunni er punkturinn yfir i-ð en ég fann það Mýrinni í Kringlunni á mjög góðu verði.



KISI


Þetta er ástin í lífi mínu, Lóra. Systir mín fann hana á facebook fyrir 3 árum og við tókum þá skyndiákvörðun að taka hana að okkur. Hún er mjög félagslynd og algjör prímadonna. Hún Lóra mín er klárlega heitasti fylgihluturinn.

SKART-STANDURINN

Skart-standurinn er algjört augnakonfekt. Ég á það til að vera veik fyrir væmnum og fallegum hlutum eins og þessum silfur-hreindýrahornum.



DREKKTU BETUR



PIVITA HÖBÖ / SIA - 12-1931

Léttmjólk

NÝ BRAGÐTEGUND

— MED —

KAFFI- OG KARAMELLUBRAGÐI



HÁMARK
— HOLLUR FÉLAGI —